



# ELLIDAVATN

PERLAN VIÐ BÆJARMÖRKIN



Veidilýsing, veiðikort, rannsóknir, flugur ofl.

© Geir Thorsteinsson, mars 2011

**Heimildir**

Loftmynd af Elliðavatni, birt með heimild Loftmynda ehf.

Mat á veiðiálagi í Elliðavatni 2002, Jón Kristjánsson febrúar 2003.

Búsvæðamat í Elliðavatni Jón Kristjánsson 1. júní 2004

Orkuveita Reykjavíkur saga.

Elliðaárdalur, Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson

Skógræktarfélag Reykjavíkur [www.heimmork.is](http://www.heimmork.is)

Myndir af flugum eru flestar fengnar af vef [www.flugur.is](http://www.flugur.is) með leyfi frá Flugur.is

Styrktaraðili með auglýsingu er Árvík hf. ([www.arvik.is](http://www.arvik.is))

Ljósmyndir í bæklingnum eru frá höfundi. © Geir Thorsteinsson. Uppsetning og hönnun Geir Thorsteinsson. Unnið í InDesign og Photoshop. Aðalsetur er Garamond..

**Styrktar og dreifingaraðilar:**

Elliðavatn að vori 2010



Geir Thorsteinsson

## Formáli

Mér datt í hug að það gæti verið gagn og gaman að því að hafa við höndina á einum stað upplýsingar og leiðbeiningar fyrir Elliðavatn. Vatnið er innan Reykjavíkur og Kópavogs og því stutt fyrir borgar- og bæjarbúa að fara og hverfa úr amstri hversdagsleikans, njóta náttúrunnar og eiga stefnumót við lónbúana.

Auðvitað er ýmislegt annað hægt að gera uppi við Elliðavatn og umhverfi vatnsins, Heiðmörkin, býður uppá yndislega náttúru bæði í gróðri og fuglalífi sem vert er að sækja heim.

Í þessum bæklingi er aðeins stiklað á sögu vatnsins, lífríkinu og rannsóknnum sem því tengjast. Aðalefni bæklingins lýtur þó að okkur veiðimönnum. Ég birti góð kort af vatninu og veiðistöðum með merkingum um hvar líklegast sé að fiskur haldi sig. Með kortunum eru smáleiðarlýsingar. Einnig eru í bæklingnum ýmsar myndir og önnur kort. Helstu flugur, sem menn hafa með áratugareynslu fundið út að eru að gefa bestu veiðina, eru taldar upp sem og myndir af þeim flestum.

Hugmynd mín var að gefa út þennan bækling sjálfur, en ég sá fljótlega að þetta yrði nokkur vinna og því brá ég á það ráð að athuga hvort einhverjir hefðu áhuga á að vera með mér í þessu, bæði til að styrkja útgáfuna sem og til þess að dreifingin yrði nægileg til að sem flestir gætu notið. Flugur.is tóku mjög vel í málið og eru þeir aðaldrifingaraðili að þessum bæklingi. Einnig er SVFR styrktar og dreifingaraðili.

Mikið af upplýsingum í þessum bæklingi byggir á veiðireynslu minni við Elliðavatn, en einnig á viðtölum og reynslu annarra. Heimilda er getið hér á innsíðu. Margt fleira væri hægt að segja um Elliðavatnið en ég bendi fróðleiksfúsam á vefinn hjá Flugur.is ([www.flugur.is](http://www.flugur.is)). Þakkir færi ég Jóni Kristjánssyni fyrir afnot af hans efni.

Vona að þið lesendur góðir njótið vel.

Með veiðikveðju, Geir Thorsteinsson

## Sagan og upplýsingar

Meðfylgjandi kort er frá því um 1880 og sýnir hvernig Elliðavatn var áður fyrr tvö vötn Vatnsendavatn og Vatnsvatn, með Þingnesið á milli. Dimma rann beint úr vatninu við Vatnsenda og í vatnið rann Suðurá. Bugða rann framhjá vatninu sjálfu og sameinaðist Dimmu fyrir ofan Vatnsendahólma. Helluvatn sem við þekkjum í dag var þá frekar lítið og meira eins og kvíslar Suðurár sem runnu sín hvru megin við Kirkjuhólma. Á þessu korti sjást líka Elliðavatsengjarnar vel og stærð þeirra slík

ad ekki var furða ad menn vildu heyja þar og byggja stíflur við Dimmu og Bugðu til ad geta veitt vatni á engjarnar. Urðu málaferli út af því. Ástæðan var ad sjálfsögðu sú ad þegar Bugða



og Dimma voru stíflaðar þá minnkaði mjög mikið í Elliðaánum sjálfum og lax gekk ekki upp. Þegar svo hleypt var niður aftur, þá kom svo mikið flóð ad þeir sem voru með fiskagildirur í ánum veiddu ekki neitt því laxinn átti greiða leið í þessu mikla vatni yfir þær. Það kom ad því ad afl Elliðaána var virkjað. Stíflumannvirki voru reist við Árbæ. Elliðaárvirkjun var svo vígð 27. júní árið 1921, þannig ad hún verður níræð í sumar. Ekki var nægjanlegt ad hafa bara eina stíflu því erfitt var ad miðla vatni og þremur árum síðar var hafist handa við gerð miðlunarstíflu uppi við Elliðavatn. Henni var lokið árið 1926 og við þessar framkvæmdir fór Elliðavatsengi ofan þeirrar stíflu undir vatn. Fram ad þeim tíma rann Bugða um engjarnar og sameinaðist Dimmu, við Skyggni eins og sést af uppdrættinum frá því um árið 1880. Neðan ármóta þessara tveggja áa fékk áin nafnið Elliðaár.

Hvarf Elliðavatsengis olli miklum breytingum á náttúrunni og yrði vafalaust mjög umtalað ef það ætti ad framkvæma slíka stíflugerð í dag. Mjög miklar breytingar urðu á lífríki vatnsins sem og fuglalífi við vatnið. Einnig stækkaði það mikið og er talið ad yfirborð þess hafi hækkað vel á annan metra.

Flatarmál Elliðavatns er í dag um 2,02 km<sup>2</sup>, meðaldýpi er 1,02 m. og mesta dýpi 2,32 m. Rúmmál þess er 2,07 gígalítrar og vatnasvið vatnsins alls telst um 286 km<sup>2</sup>. Fræðilegur endurnýjunartími Elliðavatns er u.þ.b. 5-9 dagar. Úr vatninu renna Elliðaár og er meðalrennsli þeirra 4,7m<sup>3</sup>/sek. Í vatnið renna Suðurá og Bugða ásamt miklu lindarvatni. Suðurá ásamt lindarvatnsrennsli mælast með 2,4 m<sup>3</sup>/sek. og Bugða mælist ad meðaltali með 2,3 m<sup>3</sup>/sek.

## Flugurnar



**Orange Nobbler**

Orange Nobbler stuttur er mjög góð fluga í Elliðavatni að vori til og fram í júní. Hún getur reyndar gefið urriða allt sumarið og haustið líka.



**Nobblerer**

Sjálfsagt er einnig að prófa aðra liti á Nobblerum. Brúnn og svartur gefa oft vel, grænn, fjólublár og rauður. Um að gera að prófa alla liti.



**Black Zulu**

Black Zulu er fræg silungafluga og má hugsa sér hana í ýmsum útfærslum og stærðum, einkrækjur eða tvíkrækjur. Hún er sjálfsögð í vopnabúrið.



**Mickey Finn**

Oft á vorin og fyrri part sumars er ekki mikið framboð af fæðu en hornsílin eru út um allt og því er Mickey Finn góð fluga sem ætti að prófa líka. Fara má alveg upp í stærð 2.0 og niður í 10.



**Peacock**

Peacock er nauðsynleg í hvert flugubox og má hún bæði vera með rauðu í haus og /eða skotti.



**Peacock kúluhaus**

Einnig er hún til með kúluhaus og þá veiðir hún aðeins öðruvísi og það getur líka verið gott.



**Peter Ross**

Peter Ross er fluga sem nauðsynlegt er að hafa í boxinu og má hugsa sér ýmis afbrigði af henni. Watson Fancy í púpulíki, í ýmsum stærðum, er einnig gott að hafa meðferðis.



**Engjaflugan**

Engjaflugan hans Jóns Petersen hefur alltaf verið sterk í Elliðavatni, enda var Jón löngum upp við vatnið og kannski er hann þar enn með okkur, þótt hann sé allur.



**Frískó Bay**

Frískó Bay er líka fluga sem vert er að prófa vorið og sumarið.



**Jock**

Jock er ekki mikið notuð í Elliðavatninu en hún gefur oft þegar annað þrýtur. Einnig má minnst á litla gula Caddis-flugu frá Engilbert Jensen sem hann notar í Vífilstaðavatnið um miðbik sumars.



**Pheasant Tail**

Pheasant Tail er til í mörgum útgáfum og menn hafa sett ýmsa liti á hana líka og hnýtt á mismunandi gerðir öngla. Hún er nauðsynleg í boxið.



**Pheasant Tail kúluhaus**

Hér til hliðar er Pheasant Tail hnýtt á grubber öngul og með kúluhaus. Um að gera að leyfa hugarfluginu að koma fram við hnýtingarnar.



**Teal and Black**

Teal and Black er þekkt fluga í silung og í Elliðavatni er sjálfsagt að prófa hefðbunda útfærslu af henni, eða eins og hérna er sýnt, án vængja og meira í líkingu við púpu.



**Töfrapúpan**

Töfrapúpan er líka skemmtilegt afbrigði af púpu sem oft gefur vel.



**Burton**

Burton hans Hafsteins Björgvinssonar er frábær fluga í Elliðavatnið. Hann hannaði hana eftir að hafa skoðað það sem fiskurinn var að taka.



**Burton græn**

Burton er einnig til með grænan bók og gefur oft vel, jafnvel betur en hinn hefðbundni.



**Elízabet**

Elízabet er enn ein hönnun Hafsteins og hún hefur líka gefið frábærlega í vatninu. Þessar flugur eru oftast hnýttar á smáa öngla 12, 14 og 16 og jafnvel minni.



Það er líka fallegt við Elliðavatn að vetri til


Glímt við vænan urriða úti á Engjum





Elliðavatnið í apríl 2009

## Fiskarnir í Elliðavatni



Fimm tegundir af fiskum eru í Elliðavatni. Hornsíli sem eru dreifð víða um vatnið, áll sem aðallega heldur sig í sefgróðrinum, bleikjan sem heldur sig aðallega á sínum svæðum og svo urriðinn sem finnst út um allt vatn. Lax gengur einnig upp í vatnið. Verða menn lítillga varir við hann seinnipart sumars og haust.

## Línur,taumar og flugustærðir

Skemmtilegast er að veiða með léttum línunum, en stundum blæs hressilega og þá er hentugra að nota þyngri línur. Stangir fyrir línur frá nr. 3 og upp í nr. 8 eru allar gjaldgengar.

Mest nota menn flotlínur í Elliðavatninu. Ég nota samt oftast intermediate línu sem er hægt sökkvandi og get ég þá ráðið vel hversu djúpt ég er að veiða, því línan hættir að mestu leyti að sökkva þegar hún er dregin inn.

Taumar eru mismunandi eftir því hvernig menn vilja veiða. Flottaumur, eða sökktumur þar sem dýpið er meira, gengur hvorutveggja ágætlega.

Fiskurinn í vatninu er stundum vangæfur á að taka og þarf því oft að fara niður í mjög granna tauma, en þar sem fiskar geta líka verið nokkuð vænir, þá finnst mér ekki ráðlegt að fara niður fyrir 3ja punda taum. Urriðinn er ekki alveg eins vangæfur og bleikjan og getur 7 punda taumur alveg gengið, jafnvel aðeins sverari, ef menn eiga von á þeim stóra.

Flugurnar nota menn í ýmsum stærðum. Ég hef sjálfur fengið ágætan afla á Mickey Finn í stærðinni 2/0 en það er kannski undantekningin. Straumflugur á vorin gefa oft vel, orange nobbler í stærð 10 er góður í stuttri útgáfu. Alla liti af nobbler er sjálfsagt að nota. Svo eiga menn auðvitað að nota það sem þeir trúa á, það gefur líka. Síðan eru það hinar hefðbundnu púpur og flugur í stærðum 10 og niður í 18. Ekki skulu menn heldur hika við það að nota sínar upphaldsflugur, þær gefa líka.

Þegar líður á vorið og fram á sumarið þá eykst fæðan í vatninu og þarf því kannski að hafa meira fyrir því að finna það sem fiskurinn tekur og þá er sjálfsagt að prófa þau hjónin Burton og Elízabetu hans Hafsteins Björgvinssonar.

Þurrflugu er líka gaman að veiða með þegar aðeins gárar og þá er skemmtilegt að sjá tökurnar ef maður fylgist vel með. Stundum eru þær ekki merkjanlegar heldur sést flugan hverfa augnablik undir yfirborðið og þá er betra að bregða snögg við með stangartoppinum ef maður vill eiga möguleika á að krækja í þann fiskinn sem var að smakka.

Í þessum bæklingi eru nokkuð góðar upplýsingar úr ýmsum áttum, en það er sama hversu mikla reynslu hver og einn hefur, alltaf má fá góð ráð og nýjar hugmyndir. Þá er um að gera að leita að efni á vefnum og vil ég sérstaklega benda á vefinn [www.flugur.is](http://www.flugur.is). Þar er hafsjór af fróðleik um flugur, veiðiaðferðir, menn og málefni.



## Veiðistaðir - Helluvatn

Helluvatn heitir vatnið sem þú kemur fyrst að þegar þú kemur frá Vesturlandsveginum. Það er oft fyrst til á vorin og má segja að allsstaðar í því vatni sé veiðivon. Austast í Helluvatninu rennur Suðuráin út í vatnið og í henni eru jafnan urriðar. Fljótlega eftir að Suðuráinni sleppir er mjög góður veiðistaður, Kerið. Þar sem straumi sleppir úr Suðuráinni hefur myndast einskonar



ker. Þar safnast oft mikill fiskur og er meiri vandi að fá hann til að taka. Á myndinni má sjá ljóst strik eftir Helluvatni endilöngu, þar er gamla vatnsleiðslan sem var gerð úr timbri. Hún er eiginlega gjarðargyrtur tréstockkur og má vaða eftir henni endilangri og kasta á báðar hendur. Það getur reynst nokkuð snúið að halda sér á sleipu yfirborði stokksins og því kannski betra að sleppa því nema viðkomandi sé á negldu. Fiskur er þar á báðar hendur. Bæði bleikja og urriði halda til í Helluvatni. Eitt sumarið sleit einn vænn urriði 5 punda tauminn minn í þriðja hástökkinu sínu og það var fiskur sem var vel yfir 7 pundunum.

Þótt ég hafi ekki merkt sérstaklega við álinn út úr vatninu þá er gott að reyna þar beggja megin við þ.e. áður en hann gryn timer, en fara þarf þar frekar varlega að því fiskurinn sér þig miklu fyrr en þú sérð hann.

## Frá Brú til og með Elliðavatni




Það má segja að állinn frá brúnum og fram fyrir nesið á Elliðavatnsbænum sé einn samfelldur veiðistaður. Þarna má finna bæði urriða og bleikjur, einstaka lax er þar einnig þegar halla fer að hausti

Sjálfsgagt er að fara út á Engjarnar og veiða álinn þeim megin frá. Byrja alveg frá því sem maður nær í áttina að brúnum og alveg á móts við Elliðavatnsbæinn. Einng skal prófa víkina fyrir neðan sumarþústaðinn, þar er stundum bleikjur að fá.

Glögg sést á myndinni hvar hægt er að vaða þótt allt sé á kafi, og einungis skulu menn gæta þess að þótt vaðið sé á bakka sem er í kafi, þá getur hann stundum verið háll og jafnvel gefið sig, svo ekki skal fara of utarlega, enda oftast alveg óþarfi, því fiskurinn heldur sig oft einmitt við þennan kant. Athugið að vík er á engjunum á móti nesinu sem Elliðavatnsbærinn stendur á og þarf að taka krók út fyrir hana til þess að hægt sé að veiða nær nesinu frá Engjunum. Betur um það á næstu blaðsíðu.



## Elliðavatnsengjar



Elliðavatnsengjarnar eru má segja einn samfelldur veiðistaður og hann allvíðáttumikill. Þar sem örvarnar eru á myndinni er oftast best að fara til að komast út á Engjar. Það fer svolítið eftir því hvar er farið, því sumstaðar sekkur maður svolítið í en það lagast fljótlega. Gott er að kynna sér þetta kort vel áður en farið er af stað, eða þá að velja lygnan dag, svo vel sjáist til botns á meðan maður er að læra á þennan veiðistað.

Segja má að fiskur sé allstaðar við fætur manns á Engjunum. Hann getur verið alveg við bakkann, þar sem maður veður fyrst úti og svo allsstaðar skammt frá þar sem sef er uppúr. Grjóthrúgur eru hér og þar á Engjunum og lærist fljótt hvar þær eru, þar eru oft vænir urriðar að leita að sinni uppáhaldsfæðu, hornsílum..

Við ós Bugðu eru líka oftast fiskur. Sumir vænir, bæði bleikja og urriði.

Þegar komið er út vestast á engin þá tekur við grjót bakki sem illt er að vaða enda dýpkar vatnið þar og er dýpið þar meira en hægt er með góðu móti að vaða án þess að fara uppfyrir. Gæta skal þess að fara ekki of langt því ef gárar, þá er erfitt að sjá hvar maður fór til þess að komast til baka og þá gæti maður orðið að taka nokkur sundtök, ef maður villist af leið.

Þetta er mjög stór og fjölbreyttur veiðistaður og má vaða vel í áttina að Elliðavatnsbænum, eins og sjá má á kortinu, en þar gildir sem og annarsstaðar, þar sem vaðið er fram á bakka sem er í kafi, hann er oft háll og einnig ekki eins traustur og þurrir bakkar. Enda liggur fiskurinn oft við þennan bakka og betra að fara sjálfur ekki of nærri heldur bara kasta yfir staðina.

## Myllulækur, Þingnes



Þegar ekið er framhjá Elliðavatnsbænum yfir hæðina, er komið að góðum veiðistöðum út af Myllulæknum og Riðhóli, þarna safnast oft mikil bleikja þegar líður á sumarið og hitnar í vatninu. Ástæðan fyrir því er að þarna eru uppsprettur og því oft svalara þar en annarsstaðar í vatninu, bleikjan vill hafa það svalt. Við Riðhól eru líka riðstöðvar bleikju. Grýttur botn er í kring um Þingnes og oft hægt að setja í góða urriða þar.

## Vatnsendavatn



Vatnsendavatn er líka mjög góður veiðistaður og er vesturhluti þess betri. Frá Vatnsenda og út fyrir Neshólma, þar sem dýpið sést best á myndinni, rann Dimma áður og má greina gamla farveginn á myndinni þar sem hún sveigði út fyrir Neshólmann.

Meira er af urriðanum í Vatnsendavatninu en töluvert getur safnast af bleikju í suðvesturhlutanum. Þar eru kaldavermsluppsprettur og þar gildir líka það sama að þegar vatnið hitnar þá vill bleikjan heldur vera þar sem svalara er og sækir því þangað. Góðir veiðistaðir eru við Neshólmann og í kantinum á fyrrum árfarveginum, og má eiginlega elta hann alveg fyrir Neshólmann, langleiðina að stíflunni.

## Kríunes að stíflu



Alveg frá Neshólmanum, meðfram Kríunesinu og niður að stíflunni þar sem merkt er Dimma, sést á myndinni móta fyrir árfarveginum eins og hann var áður en stíflan kom og vatnsyfirborðið hækkaði. Þarna er oft mikið af fiski og sjálfsagt að veiða allt þetta svæði vandlega. Oftast hef ég fengið urriða á þessu svæði, en ein og ein bleikja er þar líka, þótt stofni hennar hafi hnignað í vatninu á undanförunum árum. Einn og einn lax kemur líka þarna upp enda er þetta gönguleið hans upp í vatnið.

Áll hefur líka veiðst þarna, þannig að fjölbreytnin er mikil. Stutt er líka að fara frá veginum niður að vatninu.



## Búsvæðakort

Á næstu bladsíðu eru áhugaverð búsvæðakort sem Jón Kristjánsson gerði árið 2004.. Þar kemur vel fram hvers konar gróður er ríkjandi á hverjum stað í vatninu.

Botn þakinn lágvöxnum mara og láum nykrubrúskum, ljósgrænir hringir merktir mmN, eru víða í norður vatninu, á Engjunum og í kring um Elliðavatnsbæinn. Oft er grjót á milli og auðir blettir. Kjörsvæði **urriða**. Hornsili, vorflugur, kuðungar.

Gróðurlaus botn er merktur með brúnum flekkjum. Þar er leir- eða moldarbotn án teljandi gróðurs. Slíkur botn er sunnan til í vatninu, frá eystri Myllulækjarósi fram hjá Riðhöfða/-hóli, vestur fyrir lind og teygir sig í átt að Laxatanga hálf leið að eyjunni út af Þingnesi. Á stóru svæði frá bænum að Vatnsenda vestur með landinu þar sem það nær inn í botn, þar verður botninn moldarkenndari eins og reyndar í vikum þar sem meira skjól er fyrir ríkjandi hvössum áttum. Þessi svæði eru gjarnan 1,5-2 m á dýpt. Í Helluvatni eru stór svæði með sléttum moldar- eða leirbotni, þar er grynna og botn moldarkenndari en í Elliðavatni enda skýlla og framburður úr Suðurá. Norðan við brúna í Helluvatni var áður fyrir all sem nú er fullur orðinn af seti og er botn þar mjög laus. **Bleikja** er einkennisfiskur fyrir svæði með sléttum botni. Ástæðan er sú að þar er dýralíf, svif, rykmýslirfur, efjuskeljar t.d., með þeim hætti að hún er í betri samkeppnisástöðu heldur en urriðinn.

Þessi svæði eru merkt inn á kortin hans Jóns Kristjánssonar með þeim táknum sem sýnd eru.



## Sókn og veiðimenn


Jón Kristjánsson fiskifræðingur tók sumarið 2002 saman tölur um veiði og veiðiálag í Elliðavatni. Það eru að vísu komin nokkur ár síðan þessi athugun fór fram en ég tel að niðurstöður þessara athugana hafi alveg jafnmikið fróðleiksgildi í dag. Sóknin í vatnið er að mínu mati mjög svipuð og kemur fram í þessari skýrslu Jóns.

Kortið sem hér fylgir sýnir hvar veiðimenn voru við veiðar það sumarið. Bláir krossar sýndu hvar menn voru við veiðar í maí, rauðar Z sýndu hvar menn voru í júní og grænir hringir hvar menn voru að veiðum í ágúst það sama ár.

Ásóknin er lítil í vatnið og var veiðiálagið metið 10%, þar sem veiðiálagið var mest, þannig að meðalveiðiálag er töluvert þar fyrir neðan.

“Álag veiðimanna á stofninn er lítið, sennilega innan við 15% af stofnstærð bleikju og urriða. Áhrif veiðanna á stofninn eru ekki sjáanleg.” JK.

Meðalfjöldi veiðimanna í Elliðavatni var 5,7 í öllu vatninu á veiðidag og meðalviðvera á dag voru 4,6 klukkutímar og meðalfrávik 2 tímar, þannig að viðvera hvers veiðimanns er stutt, enda vatnið nálægt okkur og stutt að fara fyrir flesta.



### Sumardagurinn fyrsti er fyrsti veiðidagur í Elliðavatni.

Veiðifélag Elliðavatns og Veiðikortið hafa gert með sér samkomulag um að Elliðavatn, Helluvatn, Hólmsá auk Nátthagavatns verði í Veiðikortinu frá og með árinu 2013 til næstu þriggja ára. Nánari upplýsingar um tilhögun veiði verða í bæklingi Veiðikortsins sem og á vef Veiðikortstins.

## Efnisyfirlit

Formáli	3
Sagan og upplýsingar	4
Flugurnar	6
Fiskarnir í Elliðavatni	10
Línur, taumar og flugustærðir	11
Veiðistaðir - Helluvatn	14
Frá Brú til og með Elliðavatni	15
Elliðavatnsengjar	16
Myllulækur, Þingnes	17
Vatnsendavatn	17
Kríunes að stíflu	18
Búsvæðakort	18
Sókn og veiðimenn	20

### Afli úr Elliðavatni



“Reistu í verki viljans merki, vilji er allt, sem þarf.” - Einar Benediktsson skáld fæddist að Elliðavatni 31. október 1864. Það er gaman að hugsa til þjóðskáldsins þegar menn veiða í vatninu.



### Úr einræðum Starkaðar:

Eitt bros – getur dimmu í dagsljós breytt,  
sem dropi breytir veig heillar skálar.  
Þel getur snúist við atorð eitt.  
Aðgát skal höfð í nærveru sálar.  
Svo oft leyndist strengur í brjósti, sem brast  
við biturt andsvar, gefið án saka.  
Hve iðrar margt líf eitt augnakast,  
sem aldrei verður tekið til baka.

*Einar Benediktsson*